



Kennsluáætlun 2018-2019

Námsgrein: Enska

Árgangur: 5.bekkur

Kennari: Sólveig Ólafsdóttir

solveig@klaustur.is

Almennt: Lögð áhersla á að þjálfa færni nemenda til að byggja upp orðaforða og þjálfa ritun orða svo að þau séu fær um að tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri ensku. Mikilvægt er að nemendur í 5.bekk geti lesið stutta texta á ensku og tjáð sig um innihald þeirra í grófu máli. Á haustönn verður unnið með bókina Work Out! en þar erum við að leggja áherslu á orðaforða og ritun orða en eftir áramót verður unnið með Build up 1 þar sem meira verður unnið með lesskilning og ritun. Í báðum bókum er mikið um hlustun en mikilvægt er að nemendur læri að hlusta eftir ákveðnum atriðum og geti unnið úr þeim á sem fjölbreyttastan hátt.

Helstu markmið: Að nemandi skilji það sem fram fer, bæði í tali kennara og samnemenda og geti skilið meginefni í stuttum textum eða frásögn. Geti lesið sér til gagns stutta texta og fylgt einföldum leiðbeiningum. Þjálfa nemendur í ritun einfaldra texta um kunnuglegt efni og að nemendur læri að nota algengustu samtengingar. Þjálfa nemendur í töluðu máli svo að þeir geti tjáð sig í stuttum frásögnum.

Hlekkur á aðalnámskrá: <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

(Hæfniviðmið fyrir erlend tungumál bls. 125-131)

Námsgögn: Work Out!, Build up 1 og aukaefni Hickory, læsi og orðaforði 1. Frjálslestrarbækur í stofu.

Tímabil	Yfirferð námsefnis og námsmat	Kennsluaðferðir	Tengin við lykilhæni og hæfniviðmið
Haustönn	<p>Work Out! : Orðaforðapróf í lok hvers kafla. Yfirferð yfir vinnubók</p> <p>Læsi og orðaforði 1: hefti til að þjálfar ritun orða og auka orðaforða.</p>	<p>Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, umræður, hlustun og ritun.</p> <p>Lesskilningsverkefni</p>	<p>Nemendur þjálfar skilning í gegnum hlustun og að hlusta eftir ákveðum atriðum. Taka þátt í óformlegu spjalli með samnemendum sínum. Geti lesið sér til gagns og gamans einfalda texta. Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitsemi ásamt því að vinna verkefni sem tengjast ritun og orðaforða.</p>
Vorönn	<p>Build up 1: Kaflapróf í lok hvers kafla. Yfirferð yfir vinnubók</p> <p>Læsi og orðaforði 1: hefti til að þjálfar ritun orða og auka orðaforða.</p>	<p>Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, umræður, Hlustun og ritun.</p> <p>Kvikmyndaverkefni</p>	<p>Nemendur þjálfar skilning í gegnum hlustun og að hlusta eftir ákveðum atriðum. Taka þátt í óformlegu spjalli með samnemendum sínum. Geti lesið sér til gagns og gamans einfalda texta. Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitsemi ásamt því að vinna verkefni sem tengjast ritun og orðaforða.</p>

Námsmat:

Orðkannanir/ kaflapróf í lok hvers kafla, vinna í vinnubók, ástundun í tímum (vinna, frágangur og hegðun). Tvö aukaverkefni verða á árinu þ.e. lesskilningskönnun á haustönn og kvikmyndaverkefni á vorönn.